

var þing ekki sótt af hálfu stefnda, og hafa engar varnir komið fram af hans hálfu. Málið var síðan skriflega flutt og tekið til dóms nú í dag, er stefnandi hafði skilað skriflegri sókn í málinu. Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir kröfum og málsútlitun stefnanda að því marki sem samrýmanlegt er skjölum málsins.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu umrædda samninga um kaupin svo og bréfaviðskipti sín við stefnda, enn fremur reikningsyfirlit, þar sem greiðslustaða stefnda gagnvart honum kemur fram, og eru gögn þessi í samræmi við kröfugerð stefnanda. Ber því samkvæmt framansögðu að taka kröfur stefnanda til greina að fullu. Málskostnaður ákveðst kr. 180.000.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvarður Guðmundsson, greiði stefnanda, Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f, kr. 2.273.526 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 1. febrúar 1976 til 30. nóv. s. á., en 2½% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 71/1980. **Raðhús h/f**
 gegn
Frosta Frostasyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. janúar 1980.

Skjöl málsins bharust Hæstarétti 14. maí 1980 og 23. júní s. á.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur, og lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Sauðárkróks 8. mars 1979, og stýrði Þorbjörn Árnason, fulltrúi bæjarfógeta, þá dómi. Þegar málið kom næst fyrir á bæjarþinginu 5. apríl 1979, sótti fulltrúinn þing af hálfu stefnanda í héraði. Málið var flutt munnlega um frávísunarkröfu 4. október 1979. Þorbjörn Árnason var þá dómari í málinu, og hann kvað upp hinn kærða frávísunardóm.

Þorbjörn Árnason var vanhæfur til að fara með og dæma málið, eftir að hann hafði sótt þing af hálfu aðilja 5. apríl 1979, sbr. 1. og 5. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Verður þess vegna að ómerkja meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 4. október 1979 svo og hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Sem fyrr greinir, fór munnlegur málf lutningur um frávísunarkröfu fram 4. október 1979, en dómur í málinu var kveðinn upp 27. desember s. á. Þessi dráttur er andstæður 191. gr. laga nr. 85/1936.

Héraðsdómari hefur ranglega nefnt úrlausn sína í máli þessu úrskurð, þó að um dóm sé að ræða.

Óhæfilegur dráttur varð á afgreiðslu kærugagna til Hæstaréttar.

Þessir ágallar eru vítaverðir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er ómerktur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 4. október 1979, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Sauðárkróks 27. desember 1979.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu af Raðhúsum h/f, Sauðárkróki, á hendur Frosta Frostasyni, Frostastöðum í Akrahreppi í Skagafirði, með stefnu, útgefinni 20. febrúar 1979, til greiðslu kr. 441.324 með 3% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. taxa LMFÍ. Þá er og krafist staðfestingar á 2. veðrétti í húsinu nr. 7 við Raftahlíð á Sauðárkróki til tryggingar skuldinni með vöxtum og kostnaði. Stefndi hefur krafist frávísunar málsins, þar sem kröfugerð sé ábótavant og að ekki sé réttum aðiljum stefnt í málið, til þess að hægt sé að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á 2. veðrétti í Raftahlíð 7 á Sauðárkróki, sem, eftir að stefndi hafi sjálfur gert lóðarleigusamning við Sauðárkróksbæ, hafi verið veðsettur til annarra aðilja með 2. og 3. veðrétti, en þeim aðiljum sé eigi stefnt í málið, eins og rétt hefði verið að gera. Jafnframt telur stefndi, að aðrar kröfur stefnanda, þ. e. um verðbætur og vexti, séu óeðlilegar og órökstuddar.

Munnlegur máflutningur um frávísunarkröfu stefnda fór fram fimmtudaginn 4. október 1979. Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af fjarveru dómars vegna veikinda.

Málavextir eru þeir, að í maí 1977 gerðu Raðhús h/f, stefnandi í máli þessu, og Frosti Frostason, stefndi, með sér kaupsamning, þar sem stefnandi seldi stefnda fokheld raðhús að Raftahlíð 7 á Sauðárkróki. Skyldi eignin afhendast fokheld um mánaðamótin október/nóvember 1977. Verðhækkunarir skyldu greiðast á kaupverð eignarinnar, og skyldi miðað við hækkun á efni, vinnu og þjónustu frá kaupdegi 1. maí 1977 til afhendingardags hússins, sem var 21. nóvember 1977. Þá skyldi kaupandi greiða auk upphæða á kaupsamningi, sbr. dómskjal nr. 3, vexti á þær, frá því að byrjað var að grafa fyrir grunni hússins og til greiðsludags, og skyldu þessir vextir vera útlánsvextir banka ásamt öðrum kostnaði, er stefnandi þyrfti að greiða af jafnháum víxlum í Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki. Fram kemur, að hinn 10. apríl 1978 fékk stefnandi lokagreiðslu samkvæmt beinum ákvæðum kaupsamnings aðilja, þ. e. með 1. hluta láns frá Húsnæðismálastjórn ríkisins, og var stefndi þá búinn að greiða höfuðstól skv. kaupsamningi, þ. e. 2.940.000. Stefnandi heldur því fram, að þá hafi verið ólokið greiðslum á verðbótum, sem hann telur nema kr. 394.901 og eru sagðar miðaðar við hækkun vöru og vinnu svo

og vaxta, sem stefnandi telur nema kr. 357.973, eða samtals, að stefndi eigi ógreitt kr. 752.878 að frádregnum kr. 305.554, sem stefndi hafi greitt inn á kröfuna.

Stefndi hefur krafist frávísunar í máli þessu, þar sem það sé vanreiknað (sic) í alla staði. Ekki sé hægt að verða við kröfum stefnanda að því er varðar að viðurkenna 2. veðrétt í húsinu Raftahlíð 7, þar sem þegar séu aðrir kröfuhafar með veðkröfur sínar tryggðar á 2. og 3. veðrétti, en þeim hafi ekki verið stefnt inn í mál þetta. Þá er því haldið fram, að vaxta- og veðtryggingarkröfur séu engum rökum studdar og engin gögn lögð fram, er sanni tilurð þeirra eða kröfugrundvöll. Engin gögn hafi af hálfu stefnanda verið lögð fram, er sanni, að hann hafi orðið fyrir vaxtatjóni vegna vanefnda stefnda. Stefndi heldur því og fram, að vaxtakröfur stefnanda séu of seint fram komnar, þar sem dagsetning kröfubréfs á dskj. nr. 10 sé 17. okt. 1978, en vaxta er krafist frá 1. desember 1977. Þá heldur stefndi því fram, að húsinu hafi enn ekki verið skilað í umsömdu ástandi og séu þar verulegar vanefndir af hálfu stefnanda.

Á dskj. nr. 4 er reikningur frá stefnanda til stefnda fyrir verðhækkunum á efni og vinnu svo og vaxtaútreikningur. Reikningur þessi er ekki studdur neinum fylgiskjölum, svo sem nótum vegna efniskaupa, né heldur sundurliðun á efni, þ. e. hversu margir menn unnu við verkið og hve margar stundir. Vaxtaútreikningur er á sama skjali, og er ekki gerð grein fyrir, hvernig vextir eru reiknaðir, þ. e. hvaða prósentutala er notuð í það og það skiptið, en hún virðist ekki sú sama á öllum liðum reikningsins. Telja verður, að reikningur þessi brjóti í bága við anda laga um veðtryggingu fjárskuldbindinga nr. 77 frá 1966, sem virðast ekki gera ráð fyrir, að kröfur séu bæði veðtryggðar og einnig tryggðar með vöxtum, eins og um óveðtryggðar kröfur væri að ræða. Reikningur þessi verður því ekki óbreyttur tekinn til greina og vísast frá dóminum. Varðandi það atriði, að staðfestur verði og viðurkenndur 2. veðréttur í húsi stefnda, Raftahlíð 7 á Sauðárkróki, ber að vísa þeirri kröfu frá dómi þegar af þeirri ástæðu, að réttum aðiljum hefur ekki verið stefnt inn í málið til að þola breytingu á veðréttum þeim, er tryggja kröfur þeirra og þegar hefur verið þinglýst.

Tekinn er til greina framlagður reikningur á dskj. nr. 13 um málskostnað, og ber stefnanda að greiða stefnda þar greinda upphæð innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurðinn kvað upp Þorbjörn Árnason, fulltrúi bæjarfógeta.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi greiði stefnda kr. 210.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 90/1980. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna**
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f. h. Flugleiða h/f.

Kærumál. Félagsdómur. Kröfu um frávísun máls hrundið. Sérátkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 6. júní 1980, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar úrskurð Félagsdóms, uppkveðinn 5. júní 1980, þar sem kröfu sóknaraðilja um frávísun máls frá Félagsdómi var hrundið.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, eru dómkröfuf varnaraðilja fyrir Félagsdómi þær, að viðurkennt verði, að honum beri ekki að greiða gjald í sjúkrasjóð samkvæmt 7.